



286. Stjórnarfundur haldinn 16. apríl 2007 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá : ÍSí og Netbókhalda v/færslu á bókhaldi á netinu, Skinfaxi og tölvupóstur frá Sæmundi Guðmundssyni starfsmanni Ríkisskattstjóra v/ beiðni okkar að vera í ársskilum með vsk. Beiðnin samþykkt.(félagið er því í ársskilum)

3. Send bréf.

Bréf sent í tölvupósti til Sæmundar Guðmundssonar starfsmanns Ríkisskattstjóra v/ beiðni um að vera áfram í ársskilum með vsk.

4. Málefni körfuknattleiksdeildar.

PMK gerði grein fyrir stöðu mála. Samþykkt að veita PMK umboð aðalstjórnar til að ganga frá málinu.

5. Skipa í 17. júnínefnd.

EH sagði frá því að formaður menningaráðs RNB hafði haft samband og sagt að gerður yrði aftur samningur við Keflavík og UMFN vegna hátíðardagskrá 17. júní með sama sniði og árið áður. EH óskaði eftir tilnefningu í nefndina. Ákveðið að EH, KG, SA og GA skipi nefndina.

6. Íþrótt- og leikjaskóli.

EH sagði frá því að íþrótt- og leikjaskólinn yrði með sama sniði og árið áður. Fyrra námskeið er frá 11. – 29. júní og seinna námskeiðið er frá 2. – 20. júlí. Guðjón Árni Antoníusson hefur ákveðið að vera hjá okkur. Grein í sumarþækling er klár.

7. Önnur mál.

Fundargerðir frá taekwondó lágu frammi en hún er enn eina deildin sem hefur sent inn fundargerðir eins og óskað var eftir.

Rætt um heimasíðu félagsins og deilda.

EH sagði frá hugsanlegum samningi við Matarlyst vegna styrkja sem veittir verða til deilda. EH hefur haft samband við viðkomandi deildir.

PMK skýrði frá formannafundi UMFÍ 30. mars.

EH skýrði frá því að búið væri að skila inn starfsskýrslum, en enn væri eftir að skila inn félagatali.

EH skýrði frá stöðu mála varðandi Hringbrautarsvæðið.

Næsti fundur 26. apríl 2007 kl. 18:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:30

